



19. fundar stjórnar SSA 4. apríl 2022

Fundargerð

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson, Hildur Þórisdóttir, Gauti Jóhannesson, Pálína Margeirsdóttir og Sigríður Bragadóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Gestur fundarins fulltrúi atvinnulífs í stjórn Austurbrúar; Þráinn Lárusson.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Urður Gunnarsdóttir sem skrifaði fundargerð

Fundurinn var haldinn í Miklagarði, Vopnafirði og hófst hann kl. 13:00 í kjölfar hádegisverðar stjórnar, fulltrúa sveitastjórnar og gesta.

1. Fundur SSA og Vopnafjarðarhrepps

Gestir fundarins undir þessum lið voru fulltrúar sveitastjórnar Vopnafjarðarhrepps; Íris Grímsdóttir, Axel Örn Sveinbjörnsson, Teitur Helgason, Bjartur Aðalbjörnsson, Bárður Jónasson, Björn Heiðar Sigbjörnsson og Sigríður Bragadóttir (situr einnig í stjórn SSA).

Oddviti og fulltrúar Vopnafjarðarhrepps fór yfir ýmis mál sem rædd eru á vettvangi sveitarfélagsins s.s. samgöngumál bæði á landi og lofti, þróun atvinnulífs, stöðu húsnæðismála, rekstur sveitarfélagsins, sviðsmyndagreiningu m.t.t. sameiningar o.fl. Framkvæmdastjóri Austurbrúar fór stuttlega yfir verkefni sem unnið hefur verið í samstarfi við Vopnafjarðarhrepp og ber nafnið Farveitur.

Stjórn SSA þakkaði sveitastjórn fyrir góðan og upplýsandi fund sem vék af fundinum.

2. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 2.1 Fundargerð frá 17,18. fundi stjórnar SSA 2020-2022 – *Fundargerðirnar lagðar fram til samþykkar og verða undirritaðar rafrænt*
- 2.2 Fundargerðir stjórnar SSH (537), SSV (167), SSVN (75), SSNE (36), SASS (579), SSS (777) – *lagt fram til kynningar*
- 2.3 Fundargerð Sambandsins (908, Skipulagsmálanefnd) – *Lagt fram til kynningar*
- 2.4 Málþing boðskort – *Lagt fram til kynningar*
- 2.5 Uppfærsla stefnu og aðgerðaráætlunar í málaflokki sveitarfélaga – *Lagt fram til kynningar*
- 2.6 Reynsla og viðhorf kjörinna fulltrúa – *Lagt fram til kynningar*
- 2.7 Bókun sveitarfélagsins Voga – *Lagt fram til kynningar*
- 2.8 Stýrihópur stjórnarráðsins (78) – *Lagt fram til kynningar*

3. Innra starf SSA

3.1 Áhersluverkefni Sóknaráætlunar 2022

Framkvæmdastjóri for yfir tillögu að skiptingu fjármuna í áhersluverkefni ársins 2022.

Stjórn samþykktir tillögu og leggur jafnframt til að eitt nýtt verkefni verði unnið í ár sem ber heitið Menningararfur og náttúra. Leggur stjórn áherslu á að horft verði til stafrænna lausna við útfærslu á verkefninu og að það taki til markaðssetningar sem nýtist svæðinu í heild.

4. Umsagnarbeiðnir – til kynningar

4.1 Svæðisskipulag Austurlands

4.2 Frumvarp til laga um fjarskipti, 461. mál

5. Önnur mál

5.1 Farið var yfir stöðu mála við undirbúning aðalfundar SSA.

Við tók fundardagskrá Austurbrúar, skoðaður var gamli Fiskimarkaðurinn á Vopnafirði en sveitarfélagið hefur áhuga að starfsemi komi í það hús sem m.a. gætu verið gestavinnustofur fyrir listamenn. Þá var rætt við eigendur einu matvöruverslunarinnar á staðnum, Kaupþúns, um rekstrarumhverfi verslunar í jaðarbyggð sem grunnstoðar í samfélaginu.

Ekki fleiri mál fundi slitið kl 16:30.